

Fundur 1.2.2021 Swedenborg.

Komið þið nú sælir.

Já. Velkominn hver sem þú ert.

Heilsa ég ykkur frá öðrum hnetti og alltaf er það ánægjulegt að hafa samband við gömlu jörðina.

Finndist mér það mikill kostur ef okkur hér á mínum hnetti tækist að magna ykkur almennilega upp.

Og hef ég margsinnis við ykkur talað. Og alltaf finnst mér það jafn ánægjulegt. Og finnst mér alltaf jafn hægt ganga með gömlu jörðina mína, að koma í gegn í vísindasamfélaginu ákveðnum undirstöðu atriðum sem Dr. Helgi Pjeturss uppgötvaði.

Og finnst mér eins, alltaf ganga jafn ílla fyrir almenning að veita athygli eigin draumum og magnast af æðri verum sem eru íbúar annarra hnatta.

En sem þeir mega alveg kalla engla, ef þeir það vilja eins og ég gerði í frumlífi.

Er það ekki vísindalegt að neita tilveru slíkra vera, eins og Helgi Pjeturss hefur orðað það.

Og hef ég miklar áhyggjur af minni þjóð. Og hef ég áður lýst þeim.

Og vil svo gjarnan að land mitt verði leiðarstjarna heimsbyggðarinnar allrar, með aðstoð Íslendinga.

Og hef ég séð í sýn framtíð, mögulega framtíð, með aðstoð engla og sambandsmanna og hvernig hægt er að móta slíka framtíð og gera að veruleika.

Þar sem okkar þjóð hefur samvinnu við Íslendinga um lífstefnu málefnið og byggir fyrstu stjórnusambandsstöðvarnar á okkar landi og á ykkar landi.

Að því tilskyldu, að almenningur í þessum löndum veiti þessum málum athygli og færast upp af trúarbragðastiginu yfir á vísindasviðið.

Leggja bara trúarbrögðin niður?

Ja, ekki þarf það endilega að gera þannig. Hægt væri að uppfæra þau í anda vísindalegrar þekkingar á þessu sviði og láta þau samverka með vísindunum, í því að bæta mannlífið og hafa samband við framlífsnetti.

Og heyrið þið á mér, enn sem fyrr, að hugmyndir mínar í þessu efni eru alveg lausar við hjátrú og hégiljur og steinrunnar fornaldarhugmyndir um þessi efni.

Og hef notið þess að ræða við Helga Pjeturss, og er það þó almenn stefna á mínum hnetti að fylgja þessari Nýalsstefnu, sem má segja að sé samgróin menningarlífi hnattarins og undirstöðuatriði í velmegun og farsæld okkar jarðarbúa.

Já, er ég sænskur maður,

Vertu hjartanlega velkominn.

Já, þakka ég fyrir, hef ég komið áður, vil ég gjarnan bæta við nokkrum atriðum sem ég hef fjallað um áður. Bæta við atriðum og tel ég að það muni hjálpa mér að koma mínu máli á framfæri að nefna nafn mitt.

Er ég mjög vel fróður í hinum Nýölsku kenningum og eru þær samofnar menningarlífi hnattar míns.

Er nafn mitt Swedenborg, Emanuel Swedenborg.

Já mér datt það í hug, já heill og sæll, já blessaður velkominn.

Já, verið þið allir blessaðir og sælir.

Já, þú ert alltaf jafn, kraftur í, orka í þér?

Já, þakka þér fyrir það og gleður mig að heyra að þið skynjið það og finnið á ykkur sjálfum, og er það jú tilgangurinn, en,

Það væri gott ef þú gætir smitað okkur af því sem þú gast á þínum tíma, séð svona.

Já, einmitt, einmitt, ég hef svo oft við ykkur talað og magnað ykkur og kapp í kinn, kallað kapp í kinn.

Og vil ég koma hér að nokkrum þekkingar atriðum ef mér er það unnt.

Veit ég að þið báðuð, höfum við fylgst með ykkar fundum lengi og erum áhorfendur í okkar stjörnusambandsstöðvum að ykkar tilraunum.

Og teljum þær mikilsverðar og urðum varir við það, fyrir all löngu að þið báðuð um vísindalegri útskýringar á ýmsum atriðum framlífsins.

Ekki veit ég hvort mér er það unnt, að koma því á framfæri. En hér í framlífi, hef ég ekki aðeins haldið áfram að efla og rækta andlega hæfileika mína.

Heldur fengist við vísindaleg efni eins og ég hafði einnig áhuga á, á jörðunni gömlu og atvinnu af um nokkurt skeið.

Ég vildi aðallega koma því á framfæri að nú kalla ég það ekki, að eiga samband við andanna, heldur samtal við íbúa annarra hnatta.

Þegar ég fæ upplýsingar um framlífið. Og vil ég koma því á framfæri að vísindamenn gömlu jarðarinnar, myndu gera mikið gagn með því að hjálpa næmu og andlegu fólki, að koma fram með slíkar upplýsingar.

Sem hér koma fram í kvöld og bæta stilliafl gamla hnattarins, á þann veg, að á það fólk sé trúað sem hefur slíka hæfileika.

Og leiðbeina því fólki með ykkar upplýsingum, þannig að lýsingar á framlífinu gegnum miðla, geti hjálpað vísindamönnum sem leita að lífi út í geimnum.

Og séu það ekki tveir aðskildir heimar, heldur samvinna tveggja hópa.

Ég veit ekki hvort mér tekst það hér í kvöld og efast stórlega um það, að lýsa hvar við erum stödd í geimnum.

En hef ég verið magnaður til að koma því fram, að himnaríkin og helvítin eru oft á tíðum dreyfð um geiminn eftir misjöfnum reglum.

Þar sem til eru staðir í himingeimnum þar serm líforkan hefur náð meiri árangri en annars staðar. Og þar sem fleiri hnettir eru byggðir en hægt er að búast við að öðrum kosti.

Og eins önnur svæði í geimnum þar sem helstefnu þróunin hefur náð yfirhöndinni með margvíslegum afleiðingum þess efnis, að mannkynin útrýma sér og náttúran öll er hin ferlegasta.

Og hefur það áhrif á þróun hnattakerfa og framrás stjörnuþokanna og stjörnuþyrpinganna en væri það of langt mál að fara út í að sinni.

Ekki hef ég fulla þekkingu á þessu, en hef þó reynt að koma þessu á framfæri.

Þakka ég nú fyrir gott hljóð og vil ég leyfa ykkur að spyrja örfárar spurninga á meðan orka er í sambandinu.

Swedenborg, mig langar til að segja þér frá því, að þegar þú nefndir nafn þitt, þá kom afskaplega skemmtileg orka.

Jahá.

Hún hafði þannig áhrif á mig, þetta var eins og fín nett gæsahúð.

Jahahá.

Þegar menn verða, svona svipuð áhrif sem menn verða fyrir þegar þeir hlusta á fagra tónlist flutta á tónleikum og nema einhver fögur stef, svona eitthvað skylt því.

Já, gleður mig sannarlega að heyra og ég finn að þú getur miðlað ýmsu og þú getur orðið nýtt hjól og framvinda fyrir ykkar hóp ef vel tekst til, þú hefur skynjað þessa orku rétt.

Já. Takka fyrir það, hún var notaleg.

Já, þakka ég fyrir það, og sýnir það að við höfum náð einhverjum árangri á okkar hnetti, og hefur þú ekki fundið svo áður sterkt fyrir okkur?

Nei, ekki svona sterkt, eins og frá þér.

Það gleður mig að heyra.

Mér þettur í hug að þetta tengist þér persónunni, og ég álykta sem svo að þú sért út frá þessu merkileg og athyglisverð persóna.

Ég vil nú ekki segja það sjálfur of mikið, en hitt vil ég segja að þú getur hugsað til mín og ef þú skynjar til mín þá er ekki útilokað að ég geti opnað á fleiri sambönd í framtíðinni og get ég sagt það sama við aðra í salnum.

Ég hef hjálpað fólki, mörgum til að ná árangir á þessum sviðum. Ég þakka kærlega hlý orð í minn garð og,

Verði þér að góðu.

Og,

Má ég spurja þig einnar spurningar áður en þú ferð?

Já,

Ert þú búinn með það sem þú ætlaðir að segja?

Já, það hygg ég nú að sé komið fram, að mestu leiti sem til var stefnt.

Þú talaðir um dreyfingu þeirra hnatta sem væru á rétttri lífstefnu braut og þeirra hnatta sem væru á, teldust til myrkheims.

Já.

Og getur það verið þannig að heilu vetrarbrautirnar, í heilu vetrarbrautunum séu nánast allir hnettir bara á helstefnu braut?

Já, það getur endað með því, eða stefnt í þá átt, að minnsta kosti, á löngum tíma.

Og hérna, eins og þú íaðir að, sjást þá þess merki í útliti þessara vetrarbrauta, sumar vetrarbrautir eru einhvern veginn þannig í útliti að það er eins og eitthvað hafi farið úrskaiðis, eins og þær séu að springa í sundur, svo eru aðrar afskaplega fallegar og ákaflega fagurt jafnvægi í útliti þeirra.

Er hægt að segja þetta að útlitið geti tengst í rauninni því lífi sem býr á hnöttum innan vetrarbrauta?

Já, Já, það er einmitt rétt athugað og ég hygg að þarna sért þú kominn með vísi að rannsókn á nánasta umhverfi, því sem þarf að taka með í reikninginn, þegar jörðin fer að þróast áfram í þessari átt, já ég tek undir þetta allt.

Já, en er nokkuð hægt að segja til um það Swedenborg, það er nú stórkostleg spurning, Hversu stór hluti lífsins, segjum í hinum þekkta alheimi eins og við sjáum hann.

Hversu stór hluti er á lífstefnubraut og hversu stór hluti hnattanna er á helstefnubraut?

Er jafnt á komið eða er mikill meirihluti á lífstefnubraut eða hvernig er þetta?

Já, ég lærði þá megin reglu snemma, er ég kom á þennan hnött að af öllum þeim vetrarbrautum og yfirvetrarbrautum sem til eru, þá eru,

Það á að segja undirstöðu atriði í okkar fræðslu að af öllum þeim óþekkta og þekkta heimi sem við þekkjum, eru fleiri á lífstefnubrautinni.

En hætt er við því að þar sem frumlífsjarðir eru margar og jafnvel helstefnujarðir, að þar geti helstefnujarðir verið í meirihluta.

Og ég veit ekki hvort ég er að ljóstra upp því sem ekki er ætlast til að ég segi, en það eru vísbendingar um það að mönnum sé haldið niðri af helstefnu verum og nái ekki að fullkomna mælitæki sín, svo þeir tengist nógu fljótt öðru lífi í kringum sig.

En við vitum af nokkrum lífstefnuhnöttum og ekki rétta orðið.

Margvíslegir hnettir með mismunandi, í nágrenni ykkar, mismunandi stig þróunar. Ekki allt fullkomnað, en ég, það eru hömlur á því að segja of mikið um þetta.

Já, ég trúí því, en fyrst þú minnst þarna á mælitæki. Og að helstefnuverur geti sett einhverjar hömlur á það hvað okkur tekst að ná langt með mælitækjum.

Þá bið ég ykkur og veit að þið stefnið að því að styðja af alefli við bakið á þeim vísindamönnum hér á jörð sem eru að leita að öðrum hnöttum í öðrum sólhverfum.

Með þessum stórkostlegu tækjum eins og Keplersjónaukanum og fleiri.

Og styðja þá í komandi verkefnum sem á að senda út í geiminn á næstu árum og áratugum til að leita enn betur að hnöttum í öðrum sólhverfum.

Þetta eru einhver mikilvægustu vísindi sem nú eru unnin á jörðunni.

Já, ég tek undir það, það er vel mælt og þetta er alveg rétt og við ætlum vissulega að verða við því og styðja við þá viðleitni og fræðastörf og,

Takk fyrir það.

Ég vona að þetta samband mitt verði aðeins byrjunin á fleiri fræðslusamböndum af þessu tæi.

En ég veit að Carl Sagan og fleiri eru tilbúnir að tjá sig og koma í sambandið, þegar slík mögnun er fyrir hendi og vona ég að það takist.

Mun ég svo sannarlega verða við því að reyna að efla jarðneska vísindamenn og reyna að efla þeirra viðleitni og uppgötvanir á sem víðtækastan hátt.

Og svo er annað sem ekki má gleymast í þessu sambandi.

Það er að stjórnvöldin hverju sinni séu þessu hliðholl og veiti því fjármagn sem hæfir.

Það er einnig eitt af því sem þarf að fylgjast að.

En ég þakka kærlega fyrir sambandið. Og ég fagna því sérstaklega í kvöld, að mér hefur tekist að koma inn á vísindalegri þætti en áður í samböndum mínum við ykkur og er það vel.

Verð ég nú að kveðja og hleypa öðrum að og óska ykkur alls hins besta.

Og ég þakka fyrir sambandið og bið ykkur að hugsa til Svíþjóðar og ef tekst að magna okkar þjóð og mynda samstillingu landanna á milli, getur það orðið mikið gæfu spor og lofa ég ykkur því.

Að við munum reyna að koma með fleiri sambönd um það hvernig hægt væri að samstilla þjóðirnar.

Vil ég nú kveðja ykkur, verið þið sæir.

Vertu blessaður, þakka þér fyrir.